

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Árni Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. nóvember 2007 02-2007110200
G-ums 05/07

Alþingi
Erindi nr. P 135/516
komudagur 28.11.2007

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um
almenningsamgöngur - 23. mál.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 14. nóvember 2007 mótttekið bréf yðar dagsett 13. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um almenningsamgöngur.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að 3. másl. ákvæðis til bráðabirgða X í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, falli brott. Það myndi hafa í för með sér að þeir sem kaupa almenningsvagna hefðu heimild til að fá endurgreiddan 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupanna.


Umrætt bráðabirgðaákvæði X í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, var lögfest með 1. gr. laga nr. 57/2001. Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 57/2001 kemur fram að ákvæðinu sé eingöngu ætlað að koma til móts við þann umhverfis- og öryggisvanda sem stafar af úreltum hópferðabifreiðaflota landsins. Í greinargerð sem fylgir því frumvarpi sem hér er til umsagnar kemur fram að jafngild rök liggja að baki nauðsynlegrar endurnýjunar á flota almenningsvagna og flota hópferðabifreiða.

Þá er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að 1. mgr. 6. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald, verði breytt þannig að olúgjald skuli endurgreitt að fullu en ekki 80% eins og er í gildandi lögum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilætlan/ásetningur löggjafans við setningu laga nr. 87/2004 hafi verið sá að þeir sem rækju almenningsvagna væru jafnsettir eftir gildistöku laganna. Reynslan hafi hins vegar sýnt annað. Þá er í athugasemdunum vísað til erindis frá fjármálastjóra Strætó bs. sem sent var efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 14. apríl 2004 þar sem fram kemur að kostnaður fyrirtækisins hafi hækkað úr kr. 37.500.000 vegna þungaskatts í kr. 68.500.000 vegna olúgjalds.

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við framkomið frumvarp.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir